

Alþingi
Erindi nr. P 138/2844
komudagur 16.6.2010

~~Efnahags- og viðskiptanefnd~~ Alþingis
Austurstræti 8–10
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. júní 2010

Tilvísun: 2010050498PS/--

504. mál

Persónuvernd vísar til tölvubréfs ~~efnahags- og~~ viðskiptanefndar Alþingis frá 28. maí 2010 um frumvarp til laga um rannsókn á starfsemi fjármálafyrirtækja. Ákvæði frumvarpsins eru sniðin að ákvæðum laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun rannsókn samkvæmt ákvæðum þess ná til verklags og ákvarðanatöku íslenskra fjármálafyrirtækja frá gildistöku laga nr. 142/2008 til ársloka 2009.

Ljóst er að slík rannsókn, sem hér um ræðir, fæli í sér íhlutun í réttinn til friðhelgi einkalífs, þ. á m. verndar persónuupplýsinga. Persónuvernd telur, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að ríkar ástæður þurfi að búa að baki þeirrar íhlutunar. Lögð er áhersla á að til þess verði litið við meðferð frumvarps þessa.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Hins vegar skal bent á að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um meðferð gagna að rannsókn á grundvelli ákvæða þess lokinni, sbr. hins vegar 5. mgr. 17. gr. og 18. gr. laga nr. 142/2008. Telur Persónuvernd að í löggjöf um svo víðtæka rannsókn, sem hér um ræðir, þurfi það að koma skýrlega fram, auk þess sem ákvæði þar að lútandi verða að samrýmast fyrirnefndum ákvæðum 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmálans.

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson